



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Borgarnesi 23.11 2016

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

b.t. Ólafur K. Ólafsson

Borgarbraut 2

340 Stykkishólmur

Efni: Rafrænar þinglýsingar

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) fengu nýverið sent afrit af bréf, dagsettu 18.11 2016, frá Akraneskaupstað þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort Sýslumannsembættið á Vesturlandi hafi hug á því að sækja um að annast rafrænar þinglýsingar, sbr. frumvarp til laga um breytingar á þinglýsingarlögum nr. 39/1978.

Á fundi stjórnar SSV 23.11 2016 var afrit af bréf Akraneskaupstaðar lagt fram. Stjórn SSV tók samhljóða undir mat bæjaryfirvalda á Akranesi um að það væri mikill fengur fyrir Vesturland ef Sýslumannsembættið á Vesturlandi myndi annast rafrænar þinglýsingar fyrir landið í heild. Verkefni sem þetta gæti skapað mörg störf á Vesturlandi.

Því hvetur stjórn SSV Sýslumannsembættið á Vesturlandi til þess að sækja um að annast að rafrænar þinglýsingar.

Þetta tilkynnist hér með.

Með vinsemd og virðingu

f.h. stjórnar SSV

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV.